

Ed.

628. Nefndarálit

[177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. álbræðslunefndar.

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefnd, sem fjallaði um stórmál þetta í neðri deild Alþingis, Lúðvik Jósefsson, hefur birt um það á þskj. 499 mjög rækilegt nefndarálit. Þar eru á ljósan hátt sett fram þau meginrök, sem ráða þeirri afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna, að við erum andvígir málinu og teljum það bjóða margvíslegum háska heim. Vil ég í meginatriðum vísa til þess álits, en læt að öðru leyti nægja að taka eftirfarandi fram:

Frumvarp þetta boðar algera stefnubreytingu að því er varðar hagnýtingu erlends fjármagns og áhrifavald þess í íslenzku atvinnu- og efnahagslífi. Með umfangsmiklum samningum, sem ætlunin er að lögfesta, eru erlendu auðfélagi veitt margvísleg sérréttindi og víðtækar undanþágur frá íslenzkum lögum og því á þann hátt tryggður allt annar og meiri réttur en íslenzkir þegnar njóta. Í þessum efnunum er um svo stórfelld nýmæli að ræða, að málið verður ekki metið réttilega með þeim hætti einum að líta á það sem einangrað fyrirbæri, er enga hliðstæðu kunni að eignast á komandi tímum. Það verður að meta út frá þeirri forsendu, að um sé að ræða stefnumarkandi ákvörðun, er skapi fordæmi fyrir öðrum samningum af svipuðum toga.

Úr herbúðum þeirra manna, sem að samningi þessum standa af Íslendinga hálfu og bera alla ábyrgð á honum, hafa margoft heyrt þær raddir undanfarin missiri, að alúmínsamningurinn við Svisslendinga ætti aðeins að vera upphaf þess að gera „erlent áhættufjármagn“ að þátttakanda í íslenzku atvinnulífi og Íslendinga að stóriðjuþjóð fyrir atbeina slíks fjármagns. Þessar raddir hafa að vísu hljóðnað um sinn, þar eð hagkvæmt þykir að láta ekki mjög á þeim bera, meðan verið er að fá alúmínsamninginn lögfestan. En hitt fer ekki á milli mála, að sterk öfl innan stjórnarflokkanna berjast fyrir því með oddi og egg, að hiklaust verði haldið áfram á sömu braut, eftir að hún hefur verið rudd með þessum samningi.

Það er einnig hafið yfir allan vafa, að með samningi þeim, sem hér liggur fyrir, er skapað fordæmi um framkvæmd hinnar nýju stefnu, að því er varðar þátttöku erlendra auðfélaga í íslensku atvinnulífi. Í nóvembermánuði s. l. fór Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, til Noregs á vegum iðnaðarmálaráðherra og stóriðjunefndar til þess að kynna sér norsk viðhorf og reynslu í sambandi við erlent fjármagn og alúminverksmiðjur. Í skýrslu, sem hann gerði um för sína, segir svo m. a.: „Aðspurðir áttu menn eðlilega erfitt með að gera sér grein fyrir því, hvort hér væri um æskilega framkvæmd fyrir okkur Íslendinga að ræða. Flestir lögðu þó áherzlu á, að mikilvægt væri að fá slíkan iðnað inn í landið. Það væri ómetanlegt fyrir framtíðina. Hins vegar vöruðu þessir sömu aðilar við því, að sá samningur, sem nú er gerður, hlyti að verða fordæmi fyrir öðrum skyldum í framtíðinni.“

Hér fer ekki á milli mála sú skoðun hinna norsku sérfræðinga, að með slíkum samningi sé ekki aðeins um einangraða aðgerð að ræða, heldur sé verið að móta stefnu að því er varðar erlenda fjárfestingu í landinu, hvaða almennum skilmálum hún eigi að lúta, hvaða stöðu hún eigi að öðlast í fjármála- og atvinnulífi þess. Og ekki er ólíklegt, að aðvaranir þeirra hafi mótast af þeirri vitneskju, að hér var verið að gera samning á allt öðrum grundvelli en þeim, sem gildir um erlenda fjárfestingu í Noregi. Þar lúta slík félög norskum lögum og búa ekki við nein forréttindi eða friðindi umfram norska atvinnurekendur.

Samningurinn milli íslensku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium er með allt öðrum hætti. Segja má, að hann sé að mjög verulegu leyti upptalning á friðindum, forréttindum umfram íslensk fyrirtæki og undanþágum frá íslenskum lögum, sem hinn svissneski auðhringur og dótturfélag hans eiga að njóta um 45 ára skeið, eða nokkuð fram á næstu öld.

Nokkur hinna samningsbundnu friðinda auðhringsins eru þessi:

- 1) Algert tollfrelsi á hvers konar innfluttum efnum, vélum og búnaði, sem til byggingar verksmiðjunnar þarf.
- 2) Algert tollfrelsi á öllum innflutningi, sem með þarf til rekstrar verksmiðjunnar út samningstímabilið, í 45 ár.
- 3) Algert frelsi um ráðstöfun alls hins mikla gjaldeyris, sem verksmiðjureksturinn skapar, með þeirri takmörkun einni, að geymt skal í íslenskum bönkum fé, sem svarar til rekstrarkostnaðar fyrirtækisins í þrjá mánuði.
- 4) Algert frelsi til að flytja úr landi allan hagnað og andvirði fyrningarafskrifta.
- 5) Trygging fyrir hagstæðara gengi en íslenskir atvinnuvegir njóta, ef um gengisbreytingar verður að ræða.
- 6) Réttur til að hafa í þjónustu sinni erlent starfslið.
- 7) Undanþágur frá ákvæðum íslenskra laga um hlutafélög.
- 8) Undanþágur frá ákvæðum íslenskra skattalaga, þar á meðal framtalsskyldu.
- 9) Trygging fyrir nokkurn veginn óbreyttu raforkuverði í 25 ár, hvað sem líður breytingum á kostnaðarverði raforku frá Landsvirkjun allt það tímabil.
- 10) Heimild til að láta hjá líða að setja upp hreinsunartæki til að eyða eiturefnum frá verksmiðjunni.
- 11) Og síðast, en ekki sízt: Undanþága frá því að lúta íslenskri lögsögu um meiri háttar ágreiningsmál, sem upp kunna að koma varðandi samninginn og fylgisamninga hans.

Samningur sá, sem ríkisstjórnin hefur gert við hinn erlenda auðhring, býður svo margvíslegum hættum heim, að Alþingi ber að hafna honum. Hann felur í sér háskalega stefnubreytingu, að því er varðar áhrif erlends fjármagns í íslenskum atvinnurekstri. Hann er vansæmandi fyrir fullvalda þjóð. Í honum felst vanmat á atvinnuvegum þjóðarinnar og möguleikum hennar til að nytja eigin auðlindir í vaxandi mæli til hagsbóta fyrir landsmenn sjálfa.

Ég legg eindregið til, að frumvarp þetta verði fellt. Verði það eigi að síður samþykkt, legg ég til, að lögin öðlist ekki gildi, fyrr en fram hefur farið þjóðar- atkvæðagreiðsla um þau, og ekki nema meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiða, samþykki lögin. Tillögu þess efnis flyt ég á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Gils Guðmundsson.